



**258. fundur framkvæmdastjórnar ÍSÍ var haldinn í fundarsal framkvæmdastjórnar ÍSÍ, Íþróttamiðstöðinni í Laugardal, fimmtudaginn 19. október 2017 kl. 16:00.**

**Mættir: Lárus L. Blöndal forseti ÍSÍ, Sigríður Jónsdóttir varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Ása Ólafsdóttir, Guðmundur Ágúst Ingvarsson, Ingi Þór Ágústsson, Viðar Garðarsson, Þráinn Hafsteinsson, Þórey Edda Elísdóttir, Örn Andrésson, Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri og Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri.**

**Forföll: Hafsteinn Pálsson ritari, Garðar Svansson, Jón Finnbogason, Lilja Sigurðardóttir, Úlfur H. Hróbjartsson.**

#### **Dagskrá:**

##### **1. Ólympísk málefni**

Örn Andrésson formaður Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ fór yfir helstu verkefni á sviðinu. Fagráð sviðsins hélt ásamt starfsmönnum sviðsins vinnufund í gær þar sem farið yfir stefnumótun og verkefni sviðsins. Örn benti á að fararstjóráskýrslur frá EYOF í Györ og Smáþjóðaleikunum í San Marínó væri að finna í fundargögnum.

##### *PyeongChang 2018*

Undirbúningur fyrir leikana gengur vel. Fækkað hefur í keppendahópnum þar sem nú er ljóst að meiðsli Helgu Maríu Vilhjálmisdóttir koma því miður í veg fyrir þátttöku hennar í leikum.

##### **2. Fagsvið ÍSÍ**

Þráinn Hafsteinsson formaður Þróunar- og fræðslusviðs ÍSÍ skýrði frá því að vinnufundi fagráðs sviðsins og starfsmanna þess væri nýlokið. Sá fundur hefði skilað þeim skýrari sýn á markmið og verkefni.

Líney Rut Halldórsdóttir framkvæmdastjóri ÍSÍ fór yfir það helsta úr starfi Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ í fjarveru formanns sviðsins.

Íþróttavika Evrópa tókst ágætlega og ljóst að það eru ýmis tækifæri fólgin í þessu verkefni í framtíðinni. Verkefnið Göngum í skólann er einnig nýafstaðið og tók 71 skóli þátt. Undirbúningur fyrir Kvannahlaupið er hafinn og fyrsti fundur nefndar ÍSÍ um íþróttir 60+ hélt fyrsta fund nefndarinnar í síðustu viku. Nefndin er mjög áhugasöm og sér mörg tækifæri framundan til að efla og styðja við íþróttir 60+. Fagráð sviðsins ásamt starfsfólki mun halda vinnufund um stefnur, markmið og verkefni 9. nóvember nk.

##### **3. Átta mánaða uppgjör reksturs ÍSÍ**

Gunnar Bragason gjaldkeri fór yfir stöðu reksturs ÍSÍ eftir átta mánuði ársins. Reksturinn er í góðum farvegi, á pari við áætlun. Forseti þakkaði gjaldkera fyrir greinargóðar upplýsingar og skýringar.

##### **4. Starfsskýrslur ÍSÍ**

Framkvæmdastjóri skýrði stöðu skila á starfsskýrslum. Búið er að skila 91% af iðkendatölum og 93% af ársreikningum. Verkefnastjóri Felix er búinn að bóka kennslu hjá nokkrum sambandsaðilum á næstu vikum og í kjölfarið gætu skilin náð 95% sem er mjög

ásættanlegt, ekki síst í ljósi þess að erfiðleikar voru með nýja Felix í upphafi starfsskýrsluskila.

## 5. Skipan Bogfiminefndar ÍSÍ

Tekið fyrir erindi frá Bogfiminefnd ÍSÍ þar sem óskað er eftir því að endurskipað verði í nefndina. Skrifstofustjóri fundaði nýlega með forsvarsmönnum nefndarinnar en nefndin hefur markvisst verið að temja sér vinnubrögð sérsambanda varðandi skil á gögnum og samskipti við ÍSÍ. Stefnt er að því að stofna sérsambanda um bogfimi um áramótin 2018/2019. Samþykkt að skipa eftirtalda í nefndina fram að 74. Íþróttþingi ÍSÍ árið 2019, að tillögu nefndarinnar:

Ólafur Gíslason formaður  
Guðmundur Örn Guðjónsson  
Haraldur Gústafsson  
Indriði Ragnar Grétarsson  
Snorri Hauksson

Framkvæmdastjórn ÍSÍ hvetur nefndina til að vinna að því að fá konur til starfa í nefndinni.

## 6. Heiðranir

Engar tillögur lágu fyrir.

## 7. Fundargerðir

- 257. fundur framkvæmdastjórnar
- 19. fundur framkvæmdaráðs ÍSÍ
- 162. fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 9. október 2017
- 163. fundur Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ frá 18. október 2017

Viðar Garðarsson og Þórey Edda Elísdóttir gerðu athugasemd við 3. tölulið fundargerðarinnar. Samþykkt að kalla eftir lagfæringu og senda lagfærða fundargerð á fundarmenn.

ÍSÍ mun eiga möguleika á styrkjum frá Ólympíusamhjálpinni fyrir átta einstaklinga vegna undirbúnings fyrir Tókíó 2020. ÍSÍ gefst tækifæri til að senda inn til Ólympíusamhjalparinnar nafnalista með nöfnum 6 einstaklinga af hvoru kyni en sá listi fer í umsögn hjá alþjóðasamböndum.

Samþykkt að staðfesta tillögu Afreks- og Ólympíusviðs ÍSÍ um forgangsöröðun vegna ofangreindra umsókna, sbr. töflu í 3. tölulið fundargerðar 163. fundar sviðsins.

- Almenningsíþróttasvið ÍSÍ frá 19. september 2017
- Heiðursráð ÍSÍ, 25. september 2017
- Laganefnd frá 3. október 2017
- Fjármálaráð ÍSÍ 18. október 2017
- Skýrsla frá ráðstefnu IOC um konur í leiðtogastörfum
- Skýrsla frá Nordic Meeting 2017
- Skýrsla frá heimsókn forseta til HSH, UDN og HSS
- Fararstjóráskýrsla frá EYOF 2017 í Györ
- Fararstjóráskýrsla frá Smáþjóðaleikum 2017 í San Marínó

## 8. Viðburðir framundan

Farið yfir viðburði framundan og til lengri tíma litið.

## 9. Næstu fundir framkvæmdastjórnar

Ákveðið að næstu fundir verði 16. nóvember og 7. desember næstkomandi.

## 10. Önnur mál

### *Evrópuráðstefna IOC um konur í leiðtogastörfum*

Framkvæmdastjóri skýrði frá ráðstefnunni sem hún og skrifstofustjóri sóttu dagana 9.-11. október sl. í Vilnius. Ráðstefnan var mjög áhugaverð og vel sótt. Halla Tómasdóttir var aðal fyrirlesari ráðstefnunnar. Vakti fyrirlestur hennar mikla athygli og var innblástur fyrir þátttakendur ráðstefnunnar. Jafnrétti kynjanna í stjórnun innan íþróttahreyfingarinnar á alþjóðavísu er mjög vinsælt umræðuefni þessa dagana en markmið IOC í málaflokknum koma skýrt fram í stefnuskjali samtakanna sem gengur undir heitinu Agenda 2020. Skýrsla um ráðstefnuna lögð fram.

### *Ráðstefna um siðferði í íþróttum*

Haldin verður ráðstefna í Háskóla Íslands 4. nóvember nk. um siðferði í íþróttum. Sigríður Jónsdóttir varaforseti mun eiga sæti í pallborði.

### *Heimsóknir til HSH, UDN og HSS*

Forseti og föruneyti heimsóttu þrjú íþróttahéruð 26. september sl. Hópurinn hlaut hvarvetna góðar móttökur og átti góða fundi með forsvarsmönnum viðkomandi héraða og viðkomandi sveitarfélaga. Skýrsla frá heimsóknunum lögð fram.

### *Sambandsþing UMFÍ*

Sigríður Jónsdóttir varaforseti var viðstödd setningu þingsins sem haldið var á Hallormsstað 14. október sl. Á þinginu var tillaga um inngöngu íþróttabandalaga í UMFÍ felld.

Fleira var ekki gert og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari